

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Stefán Árni Auðólfsson nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/163
komudagur 23.11.2004

19. nóvember 2004
Tilvísun: 2004110027

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun talsmanns neytenda.


Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar til Fjármálaeftirlitsins, dags. 11.11. sl., þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um stofnun embættis talsmanns neytenda, 18. mál.

Fjármálaeftirlitið telur, líkt og fram kemur í greinargerð flutningsmanna nefndrar tillögu, að staða neytenda hér á landi hafi styrkst frá gildistöku sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið. Víða í löggjöfinni eru ákvæði sem stuðla að aukinni réttarstöðu neytenda. Í þessu sambandi má t.d. minna á ákvæði laga um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994, laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, samkeppnislaga nr. 8/1993, upplýsingalaga nr. 50/1996, stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, laga um umboðsmann Alþingis nr. 85/1997 og laga um umboðsmann barna nr. 83/1994. Einnig má minna á starfsemi ýmissa úrskurðarnefnda svo sem úrskurðarnefndar í váttryggingamálum og úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki sem vistaðar eru hjá Fjármálaeftirlitinu.

Starfsemi Fjármálaeftirlitsins er á sviði neytendaverndar. Lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998 og ákvæði sérlaga (þ.á m. laga um váttryggingastarfsemi, laga um fjármálafyrirtæki og laga um skyldutryggingu lífeyrissjóða) er ætlað að stuðla að aukinni réttarstöðu neytenda og stuðla að því að eftirlitsskyldir aðilar, t.d. lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki, váttryggingafélög og lífeyrirssjóðir, geti staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar og að starfsemin sé rekin á heilbrigðum og traustum grundvelli. Það er mismunandi hversu ítarleg ákvæði um neytendavernd eru í nefndum lögum.

Fjármálaeftirlitið er fylgjandi því að í löggjöf sé hugað með heildstæðum hætti að stöðu neytenda. Fjármálaeftirlitið tekur hins vegar ekki afstöðu til þess hvort það verði best gert með því að stofna embætti talsmanns neytenda eða með öðrum hætti. Það styður þó mikilvægi stofnunar embættis talsmanns neytenda (umboðsmanns) að slík embætti eru annars staðar á Norðurlöndum og víðar í Evrópu t.d. Bretlandi og Írlandi. Komi til þess að embætti talsmanns neytenda verði stofnað er mikilvægt að huga að samstarfi slíks embættis við aðrar stofnanir sem fjalla um neytendamál að hluta til, s.s. Fjármálaeftirlitið.

Virðingarfyllt,


Páll Gunnar Pálsson

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Rúnar Guðmundsson